# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ


## Shellskálinn Reyðarfirði

*Mikil gróska hefur verið í mannlífinu á Reyðarfirði að undanförnu og ljóst að íbúum bæjarins fer fjölgandi.*

Við getum boðið þér/ykkur áhugavert tækifæri til sjálfstæðs atvinnureksturs með því að sjá um rekstur Shellskálans á Reyðarfirði. Ýmsir möguleikar eru til að byggja upp góðan rekstur á staðnum og taka að sér umsjón með eldsneytissölu og sölu á rekstrarvörum fyrir Skeljung.

Allar nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason rekstrarstjóri Shellstöðva og Rebekka Ingvarsdóttir starfsmannastjóri Skeljungs hf. í síma 444 3000. Umsóknarfrestur er til 23. apríl n.k. Umsóknir sendist til Skeljungs hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík eða á **ri@skeljungur.is.** *Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðunni www.skeljungur.is.*

Skeljungur hf.

Reykjavíkurborg Velferðarsvið

HEILSUGÆSLAN

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

## Öryggissími

### Aukin þjónusta við aldraða í heimahúsum

Starfsmaður óskast til starfa við símsvörun, æskileg menntun á heilbrigðis- og/eða félagssviði. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur yfir að ráða mikilli hæfni í mannlegum samskiptum, þolinmæði og útsjónarsemi. Starfsmaður mun hljóta viðeigandi þjálfun og fræðslu áður en starfið hefst.

Um er að ræða vaktavinnu á kvöldin og um helgar, aðra hverja viku.

Starfsemi símans hefst 1. september 2007 en ráðning verður frá 1. ágúst 2007. Ráðið verður til 6 mánaða í byrjun, með möguleika á framlengingu.

Öryggissíminn er nýtt úrræði sem styður við þá stefnu að gera öldruðum kleift að dvelja sem lengst á eigin heimili. Hér er um viðbótarúrræði að ræða fyrir aldraða einstaklinga sem búa við öryggisleysi og eru á biðlista eftir frekari þjónustu í Reykjavík.

Öryggissíminn er samvinnuverkefni milli Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Öryggismiðstöðvar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Brynhildur Barðadóttir verkefnisstjóri í síma 411 9000 eða 898 0604

Umsóknir ásamt upplýsingum um nám og fyrri störf sendist til:

Skrifstofu Velferðarsviðs, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

eða á netfang:
brynhildur.bardadottir@reykjavik.is
fyrir 1. maí 2007.

## FRAMTÍÐARSTARF

### SUMARSTÖRF Í BOÐI

Egill þjónustuverkstæði BYKO hf auglýsir laust til umsóknar starf viðgerðarmanns í heimilistækjum.

GÓÐ LAUN Í BOÐI

*Helsta starfssvið:*
- Viðgerðir á heimilistækjum.

*Menntunar og hæfniskröfur:*
- Þekking/reynsla á heimilistækjaviðgerðum
- Menntun tengd starfinu æskileg
- Áhugi á viðgerðum
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri

Einnig auglýsum við eftir sumarstarfsfólki til afleysinga í viðgerðarstörf og móttöku. Iðnnemar velkomnir til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Elfa í síma 5154161 og með tölvupósti, elfa@byko.is
Umsóknir berist fyrir 21. apríl til Elfu B. Hreinsdóttur, starfsþróunarstjóra BYKO hf, Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi eða með tölvupósti elfa@byko.is

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað

EGILL ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 9A (gul gata) • 200 Kópavogur • Sími 554 4445
Fax 554 4476 • Netfang: egill@egill.is • Veffang: www.egill.is

## Starfsmaður í móttöku



**Umhverfisráðuneytið auglýsir eftir starfsmanni í móttöku ráðuneytisins. Um fullt starf er að ræða.**

**Starfssvið**
- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Fjölritun og skönnun fylgiskjala
- Afleysing í skjalasafni
- Umsjón með póstþjónustu og almenn fyrirgreiðsla

Leitað er að einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum og gæddur þjónustulund og snyrtimennsku. Frumkvæði er góður kostur.

Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 20. maí. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 30. apríl nk.
Númer starfs er **6518**.

Upplýsingar veita Inga Steinunn Arnardóttir og Ari Eyberg.
Netföng: inga@hagvangur.is og ari@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



## VANTAR ÞIG RÉTTA STARFSFÓLKIÐ?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT
STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

TEITUR
Hópferðabílar

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra í framtíðavinnu sem og sumar afleysingar.
Hægt er að fylla út Umsóknareyðublöð á www.teitur.is
Eins má senda umsókn á E-Mail starf@teitur.is
Upplýsingar í síma: 515-2700 Mán-Föst 09-16
Einar eða Ágúst

# Afgreiðslustarf

Starfsmaður óskast til sölu- og afgreiðslustarfa í verslun með heimilistæki og innréttingar.

Reynsla af slíkum störfum æskileg, tölvukunnátta nauðsynleg, viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Reyklaus vinnustaður.

Umsóknir sendist til box@frett.is merkt **Afgreiðslustarf-301** fyrir 22. apríl n.k.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



# Aðstoðarleikskólastjóri Ægisborg

Leikskólinn Ægisborg, Ægisíðu 104, er fjögurra deilda skóli þar sem dvelja 86 börn samtímis.

Í starfi leikskólans er lögð áhersla á skapandi starf, frjálsan leik og ritmálsörvun.

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun áskilin
Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
Sjálfstæð vinnubrögð
Færni í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is

Upplýsingar veitir Sigrún Birgirsdóttir leikskólastjóri í síma 863-1798 eða Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á www.leikskolasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

VEÐURSTOFA ÍSLANDS

## Fjarkönnunarsérfræðingur

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til að hafa umsjón með skipulegri úrvinnslu og nýtingu fjarkönnunargagna. Um er að ræða gögn úr veðurratsjárkerfi stofnunarinnar og gögn úr gervihnöttum EUMETSAT og NOAA o.fl.. Verður áhersla lögð á að nýta þessi gögn til betri vöktunar umhverfis og ýmsa þjónustu Veðurstofunnar auk þess að nýta gögn þessi til ýmissa rannsókna. Þar sem hér er um nýtt verkefni að ræða er gert ráð fyrir að stofnunin muni styðja starfsmanninn til uppbyggingar sérþekkingar, ekki síst á erlendum vettvangi. Viðkomandi mun vinna með fjarkönnunarteymi Veðurstofunnar og jafnframt taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi um fjarkönnun.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í rafmagnsverk- eða tæknifræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði eða sambærilega menntun og/eða reynslu. Færni í forritun er nauðsynleg og viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu í ensku. Áhersla er lögð á nákvæm og skipulögð vinnubrögð og góða samskiptahæfileika. Þar sem hér er um uppbyggingarstarf að ræða er áhersla lögð á að starfsmaðurinn hafi frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi.

Laun verða skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2007 og skulu umsóknir berast skrifstofu veðurstofustjóra. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri veðursviðs Veðurstofunnar.

# Verkefnastjóri vefmála



**SPRON óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra vefmála með þekkingu á upplýsingatækni til starfa.**

*Starfssvið:*

- Viðhald og þróun á innri og ytri vefjum SPRON heildarinnar
- Samskipti við þjónustuaðila
- Þróunarvinna í samvinnu við markaðssérfræðinga SPRON heildarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni á upplýsingatæknisviði

*Menntunar- og hæfniskröfur:*

- Háskólamenntun
- Reynsla af vefumsjón og þekking á vefumsjónarkerfum skilyrði
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í textagerð skilyrði
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð, rík þjónustulund og samskiptahæfni

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Ægisson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs SPRON.**

**Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 23. apríl nk.**

**Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

*Spron byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á* ***TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.***

spron

# MATÍS OHF.
## Á AKUREYRI
## SÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST

Matís ohf. (Matvælarannsóknir Íslands) óskar eftir að ráða drífandi og duglegan sérfræðing til starfa hjá fyrirtækinu á Akureyri.

STARFSSVIÐ:
Starfið felst í umsjón með rannsóknum á varnarefnum í matvælum og ýmsum öðrum efnarannsóknum sem gerðar eru hjá fyrirtækinu.

HÆFNISKRÖFUR:
Háskólamenntun á raunvísindasviði
Æskilegt er að umsækjendur hafi starfsreynslu við efnarannsóknir
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Lipurð í mannlegum samskiptum
Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til Matís ohf, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Einnig má skila umsóknum á tölvupóstfangið matis@matis.is.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2007. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Helga Gunnlaugsdóttir og Ásta Ásmundsdóttir í síma 422 5000.

Matís ohf er nýtt hlutafélag í eigu ríkisins sem tekur við starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti (MATRA) og Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis.

Matvælarannsóknir Íslands
Food research, innovation and safety
MATÍS
www.matis.is

VEGAGERÐIN

# VÉLAMAÐUR FELLABÆ

Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Fellabæ er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**
- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga S. Guðmundsdóttir (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

TE & KAFFI

# MARKAÐSSTJÓRI

Te & Kaffi er traust og framsækið fyrirtæki þar sem lögð er áhersla á heiðarleika, reglusemi, frumkvæði og árangur. Við óskum eftir að ráða markaðsstjóra til starfa.

Te & Kaffi var stofnað í apríl 1984 og var fyrsta íslenska fyrirtækið til að sérhæfa sig í framleiðslu og sölu á fersku sælkerakaffi (speciality coffee) og laufte í lausavigt.
Te & Kaffi rekur kaffibrennslu í Hafnarfirði, heildverslun og sérverslanir og vinnur að sérsniðnum kaffilausnum til fyrirtækja í samstarfi við fyrirtækjasvið Pennans. Te & Kaffi skólinn annast þjálfun fagfólks auk þess að bjóða einstaklingum og starfsfólki fyrirtækja námskeið og fræðslu.

**Starfssvið**
- Markaðsmál og stefnumótun í markaðs- og kynningarmálum
- Gerð og framkvæmd markaðsáætlana í samvinnu við sölustjóra
- Verkefnastjórnun á einstaka markaðsaðgerðum og viðhald traustrar ímyndar fyrirtækisins
- Vörumerkjastjórnun og almannatengsl
- Umjón með efni á heimasíðu fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsmála
- Reynsla af markaðsmálum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt hæfni til að vinna undir álagi
- Góðir samskiptahæfileikar

Te & Kaffi ehf., Stapahrauni 4, 220 Hafnarfjörður, sími 555 1910, www.teogkaffi.is
Sérverslanir: Laugavegur 27, Kringlan, Suðurver, Smáralind

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRAR

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða tvo öfluga aðstoðarskólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Leitað er að hæfileikaríkum stjórnendum sem gegna munu lykilstöðum í stjórnunarteymi skólans.

Á Seltjarnarnesi stunda um 650 grunnskólanemendur nám. Seltjarnarnesbær er traust og framsýnt bæjarfélag þar sem lífsgæðum og heill fjölskyldunnar er skipað í öndvegi. Umhverfi sem íbúar geta verið stoltir af, góð menntun barna og efling íþrótta og heilsu eru áhersluþættir sem setja fjölskylduna í brennidepil.

**Aðstoðarskólastjórar munu í samvinnu við skólastjóra:**
- Stjórna daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda og heimila
- Taka þátt í stefnumótun um rekstur og faglegar áherslur skólans

**Leitað er að stjórnendum með:**
- Háskólamenntun, framhaldsmenntun æskileg
- Kennsluréttindi á grunnskólastigi
- Þekkingu á starfi grunnskóla, reynsla af stjórnun starfsmanna kostur

**Leitað er að stjórnendum í mjög áhugaverð og spennandi störf. Viðkomandi þurfa að vera gæddir ríkum samskiptahæfileikum, röggsamir, skipulagðir og sjálfstæðir í vinnubrögðum.**

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Sumarstörf í boði !!

*Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að sumarstarfsfólki á heimili fatlaðs fólks, hæfingarstöðvar og skammtímavistanir. Ýmsar starfsprósentur í boði.*

**Helstu verkefni:**
- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

**Hæfniskröfur:**
- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samviskusemi

**Í boði er:**
- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi
- Fjölbreytt verkefni

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða ÞÍ. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýst störf á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 29. apríl nk.

*Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.*

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

# KÓPAVOGSBÆR

## Hörðuvallaskóli

*Hörðuvallaskóli hóf starfsemi sína haustið 2006 og er því yngsti skólinn í Kópavogi. Einkunnarorð skólans "**Það er gaman í skólanum**" endurspeglast í starfi skólans. Megin áherslur skólans eru á heilbrigði og hollustu, ásamt því að leggja sérstaka áherslu á grunnfögin í 1. – 4. bekk: lestur, stærðfræði og ritun. Reynt er að beita sem fjölbreytilegustum kennsluaðferðum, einstaklingslega og í hópi til að koma sem best til móts við nemendur.*
*Markviss hreyfing er skipulögð á hverjum degi fyrir alla nemendur.*
*Næsta vetur verður kennsla í 1. – 7. bekk og því vantar okkur starfsmenn til viðbótar við okkar hressa hóp.*

- **Deildarstjóra á miðstig.**
  **Starfsvið:** Skipulagning kennslu og starfs á stiginu. Umsjón með námskrárgerð ásamt teymisvinnu með öðrum stjórnendum skólans.
  **Menntunarkröfur:**
  Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða eða þróunar í skólastarfi.
  **Kröfur um reynslu:**
  Reynsla af stjórnun æskileg. Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum nauðsynleg.
- **Umsjónarkennara í 1. bekk, 6. og 7. bekk**
  Meðal kennslugreina eru: íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, textílmennt, myndmennt.
- **Sérkennara í hlutastarf.**

Upplýsingar gefur skólastjóri Helgi Halldórsson. Umsóknir og/eða fyrirspurnir berist á netfangið: ***helgihall@kopavogur.is*** , einnig eru gefnar upplýsingar í síma 868 4239 eða 570 4950.

Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um störfin.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

# Bífvélavirkjar / Bifvélavirkjanemar.

Vegna aukinna umsvifa óskar bílaumboðið Saga ehf. eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt að Malarhöfða 2a.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf á góðum vinnustað.

Hæfniskröfur
- Sveinspróf í bifvélavirkjun er æskilegt en góð reynsla af viðgerðum er kostur
- Áhugi og þekking á bílum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Umsóknir berast til Bílaumboðsins Sögu eða á fiat@fiat.is. fyrir 20.apríl n.k. Frekari upplýsingar eru gefnar á staðnum eða í síma 570-9900 hjá Guðmundi eða Sigurði.
Bílaumboðið Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

Bílaumboðið Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Smáraskóla

**Eftirtalin störf eru laus til umsóknar:**
- **Íslenskukennari í 8. - 10. bekk** (100% starf)
- **Umsjónarkennarar:**
  1. bekkur
  3. bekkur
- **Heimilisfræðikennari** (100% starf, tímab.)

**Vegna foreldraorlofs:**
- **Umsjón og náttúrufræði/stærðfræði í 8. - 10. bekk** (2 stöður)
- **Umsjón í 7. bekk** til áramóta

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitafélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 515 5900.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

# Viltu vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki... sem er líka skemmtilegt?

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 800 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup Skeifunni óskar eftir að ráða starfsmenn í 80-100% störf í skódeild, herradeild og dömudeild.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum sem eru liprir í mannlegum samskiptum og með góða þjónustulund.

Hagkaup hafa á að skipa kraftmiklum og skemmtilegum hópi starfsmanna. Hjá okkur fær einstaklingurinn að njóta sín og starfsþróunarmöguleikar eru miklir fyrir þá sem sýna dug og áhuga.

Umsóknum skal skilað til Elínar Ólafsdóttur, verslunarstjóra Hagkaupa í Skeifunni eða í tölvupósti (elinol@hagkaup.is) fyrir 30. apríl nk. Allar nánari upplýsingar veitir Elín í síma 563 5001.

ÚRVAL + ÞÆGINDI + FERSKT & FRAMANDI + GÓÐ KAUP = SKEMMTILEGAST AÐ VERSLA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# Grunnskóli Seltjarnarness

**Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf**

**Kennari í tæknimennt (smíði)**

**Danskennari**

**Skólaliði óskast strax til starfa með nemendum í 1.-6. bekk**
Upplýsingar veitir Marteinn M. Jóhannsson, aðstoðarskólastjóri í síma 5959-200, netfang: marteinn@seltjarnarnes.is.

**Skólaskjól**
**Starfsmann vantar í 50% starf**
Starfsmann vantar í 50% starf í lengda viðveru fyrir nemendur í 1. til 3. bekk í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi.
Þetta er skemmtilegt og gefandi starf á góðum vinnustað. Vinnutíminn er frá kl. 13:30 til 17:15 eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Rut Bjarna forstöðumaður Skólaskjóls í síma 5959 200 eða 822 9123, rutbj@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. Þórhildar 2200.350



# Grunnskóli Seltjarnarness

## Laust er til umsóknar eftirfarandi starf

### Deildarstjóri elsta stigi til eins árs

Deildarstjóri er hluti af stjórnunarteymi skólans og er tengiliður kennara við skólastjórnendur.

***Menntun***
Deildarstjóri skal hafa kennsluréttindi í grunnskóla, framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun.

***Helstu verkefni:***
Deildarstjóri hefur forystu í faglegu starfi og fylgist með að unnið sé í samræmi við sett markmið aðalnámskrár og skólanámskrár. Hann skal vera leiðandi í faglegri umræðu innan sinnar deildar.

- sinnir starfsmannastjórnun innan sinnar deildar samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra/aðstoðarskólastjóra, sér um gerð ráðningasamninga og er tengiliður við launadeild.
- kennir á viðkomandi stigi í samræmi við fjölda nemenda og ákvæði í kjarasamningi
- vinnur með og í samráði við skólastjóra/aðstoðarskólastjóra, kennara og sérfræðingateymi skólans að lausn agavandamála og annarra persónulegra mála einstakra nemenda eða hópa nemenda.
- starfar að öðru leyti samkvæmt samþykktri starfslýsingu.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir berist til Sigfúsar Grétarssonar skólastjóra í síma 595-9200/9250, netfang: sigfus@seltjarnarnes.is, sem veitir allar nánari upplýsingar um starfið.
***Sjá einnig www.grunnskoli.is***

Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2007.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Þórhildar 2200.351

# Vodafone leitar að rauðu, traustu og kraftmiklu starfsfólki!



## Hér er nóg að starfa!

**Vörumótun – vörustjóri GSM**
Við leitum að öflugum starfskrafti til afleysinga í fæðingarorlofi vörustjóra GSM þjónustu fyrir einstaklinga. Þrátt fyrir að um afleysingarstarf sé að ræða (u.þ.b. 9–12 mán.) má gera ráð fyrir að hæfur starfsmaður verði hluti af framtíðarliði Vodafone.

Starfið felur m.a. í sér umsjón með núverandi þjónustuleiðum og tilboðum til almennra notenda GSM þjónustu, sem og vöruþróun á því sviði.

Hæfniskröfur: Háskólamenntun er skilyrði, t.d. í markaðs- eða viðskiptafræði.

**Vörumótun – vörustjóri stafrænnar dreifingar**
Vodafone er stærsti dreifingaraðili afþreyingarefnis um stafræna miðla á Íslandi og rekur nokkur ólík dreifikerfi í þeim tilgangi. Starfið felur í sér utanumhald um gerða samninga og gerð nýrra samninga, bæði á sviði tónlistar og myndefnis.

Hæfniskröfur: Háskólamenntun er skilyrði.
Reynsla á þessu sviði eða sambærilegum störfum er æskileg.

**Tækniborð**
Starfið felur m.a. í sér vettvangsþjónustu á netbúnaði og tengingum, bilanagreiningu og viðgerðir. Viðkomandi aðili vinnur í hópi reyndra tæknimanna og er í miklum samskiptum við viðskiptavini Vodafone.

Hæfniskröfur: Sveinspróf í símsmíði, rafvirkjun eða rafeindavirkjun eða annað sambærilegt. Reynsla af ADSL og SHDSL endabúnaði. Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Samskiptahæfni og sveigjanleiki.

**Bókhald**
Starfið felur m.a. í sér almenna bókun, afstemmingar og ýmis uppgjörstengd verkefni.

Hæfniskröfur: Reynsla af bókun og almenn tölvuþekking er skilyrði og þekking á Navision er æskileg. Nákvæmni, vandvirkni og sjálfstæð vinnubrögð ásamt skipulagshæfileikum er það sem leitað er að. Ennfremur hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að tileinka sér vinnubrögð hratt og örugglega.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 23. apríl nk. Nánari upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi, kristin@hagvangur.is, sími 520 4700.

**Við sem störfum undir nýju merki Vodafone ætlum okkur að gera viðskiptavinum kleift að nýta tímann til hins ýtrasta, því hvert augnablik er dýrmætt.**

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**

HAGVANGUR
vodafone

Fíton/SÍA

# FORVAL

# MARKAÐSSTJÓRI

*Til að taka þátt í starfsemi leiðandi heildsölufyrirtækis á sviði snyrtivara og til að styrkja enn frekar öfluga liðsheild og mannauð, leitar Forval að kröftugum markaðsstjóra.*

## Forval ehf.

er heildverslun sem stofnuð var árið 1976. Fyrirtækið skiptist í tvö megin svið; fjármála- og rekstrarsvið og sölu- og markaðssvið.

Forval er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og hefur reksturinn vaxið ört hin síðustu ár. Vöruúrvalið er mjög fjölbreytt og er Forval í viðskiptum við yfir 20 erlenda birgja. Fyrirtækið hefur umboð fyrir mörg af þekktustu snyrtivörumerkjum í heiminum.

Frá upphafi hefur markmið Forvals verið að bjóða viðskiptavinum sínum upp á hátt þjónustustig í viðskiptum.

Hjá Forvali starfar samhentur hópur fólks með víðtæka reynslu. Starfsmenn eru nú um 22 talsins.

**www.forval.is**

Grafika 04/2007

## Starfssvið

- Umsjón með markaðsmálum fyrirtækisins
- Stjórna markaðssetningu á nýjungum
- Annast samskipti við fjölmiðla og auglýsingastofur
- Sjá um auglýsingamál og kynningar
- Samskipti við erlenda birgja

## Hæfniskröfur

- Háskólapróf í markaðsfræðum eða sambærilegu
- Reynsla í stefnumótun og áætlanagerð
- Reynsla í samningagerð og stjórnun
- Góð tölvukunnátta og færni í ensku máli, bæði rituðu og töluðu
- Rík þjónustulund og góð samskiptahæfni
- Vera árangursdrifinn og skipulagður

## Upplýsingar

Sigrún H. Kristjánsdóttir hjá Intellecta veitir nánari upplýsingar um þetta starf í síma 511 1225.

## Umsókn

Umsóknir sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða til sigrun@intellecta.is eigi síðar en 23. apríl 2007.

Umsókn þarf að greina frá menntun og fyrri störfum, ennfremur frá helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförnum árum og sem hann telur að koma muni að gagni í þessu starfi.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

intellecta

*Lágmúla 6 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Íþróttamiðstöðin Mýrin Garðabæ

Starfsfólk óskast til starfa í íþróttamiðstöðina Mýrina Garðabæ um er að ræða hefðbundin störf í íþróttamiðstöð í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Áhugasamir hafi samband við Kristján Hilmarsson í síma 5176600.

---

EIR Hjúkrunarheimili

## SUMARAFLEYSINGAR

Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir sumarafleysingafólki í almenn eldhússtörf.

Áhugasamir hafi samband við Gunnar, yfirmann eldhúss, í síma: 522-5760 eða sendið tölvupóst á eldhús@eir.is

---

Norðurþing
Grunnskóli Raufarhafnar

## Skólastjóra og kennara vantar að Grunnskóla Raufarhafnar.

Við leitum að áhugasömu, bjartsýnu og jákvæðu réttindafólki.

Skólastjóri þarf að búa yfir stjórnunarhæfileikum og lipurð í mannlegum samskiptum og hafa reynslu af kennslu og störfum með börnum og unglingum.

Kennarar þurfa að hafa áhuga á þróun skólastarfs og búa yfir góðum samskiptahæfileikum.

Meðal kennslugreina eru: Sérkennsla, kennsla yngri barna, íþróttir og sund, upplýsinga- og tæknimennt, heimilsifræði, hönnun og smíði, tónmennt, íslenska, danska og samfélagsgreinar.

Grunnskóli Raufarhafnar er einsetinn, heildstæður grunnskóli með um 40 nemendur. Áhersla er á öflugt foreldrasamstarf, fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti.

Raufarhöfn er barnvænt bæjarfélag þar sem alla nauðsynlega þjónustu er að finna.

Allar frekari upplýsingar veitir skólastjóri, Höskuldur Goði Karlsson í síma 465 1241, netfang **godi@raufarhofn.is**

Umsóknarfrestur er til 7. maí 2007

Norðurþing er nýtt og öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

---

RÚMMETER EHF.
Alhliða byggingaverktakar

## VEGNA AUKINNAR VERKEFNASTÖÐU VANTAR OKKUR VERKAMENN Í ALMENNA BYGGINGARVINNU

Um er að ræða framtíðarstörf.
Í boði eru góð laun fyrir rétta aðila.
Umsóknir á rummeter.is
Nánari upplýsingar um störfin eru veittar í síma 577 1927 á skrifstofutíma.
Einnig er hægt að senda okkur tölvupóst á m3@rummeter.is

**RÚMMETER EHF. SUÐURLANDSBRAUT 4A, 108 REYKAJVÍK**

**www.rummeter.is**

---

## StoreVision-Nordic

Vantar laghentan, heiðarlegan starfsmann sem getur unnið og hugsað sjálfstætt í fjölbreytt starf við uppsetningar á eftirlitsbúnaði, hugbúnaði og köpplum um allt land. Framtíðarstarf fyrir réttan aðila. Lámarksaldur 25 ár, reynsla af sambærilegu starfi er kostur ekki skilyrði og hreint sakavottorð.

Sendið umsóknir ásamt ferilskrá með meðmælendum á magnus@storevision.com

nánari upplýsingar í síma 517 0069 á milli kl 9-15

---

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Öldutúnsskóli
## Kennarar og deildarstjóri

Laus störf skólaárið 2007 til 2008

Í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði er frábært starfsfólk og 610 áhugasamir góðir nemendur í 1. til 10. bekk.

Síðastliðin þrjú skólaár höfum við unnið að þróunarverkefni Dans Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Ennfremur höfum við unnið sérstaklega að því að efla samvinnunám og fjölbreytilegt námsmat í vetur. Við leggjum mikla áherslu á foreldrasamstarf, höfum áhugasamt foreldrafélag og foreldraráð sem styður skólastarfið með ráðum og dáð.

Heimasíða okkar er www.oldutunsskoli.is

Við óskum eftir kennurum til liðs við okkur í eftirtaldar stöður frá og með upphafi næsta skólaárs:

- Tónmenntakennara
- Íþróttakennara
- Umsjónarkennara á miðstig og yngsta stig.
- Íslenskukennara á unglingastig.
- Kennara og deildarstjóra við sérdeild sem starfrækt er í skólanum fyrir nemendur í 8. til 10. bekk. Æskilegt er að umsækjandi um deildarstjórastarfið hafi reynslu af stjórnun.

Upplýsingar um störfin gefa Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri, María Pálmadóttir og Guðmundur Ingi Jónsson, aðstoðarskólastjórar í síma 555 1546. Umsókn með ferilskrá má senda á netfangið herla@oldutunsskoli.is eða póstsenda í Öldutúnsskóla v/Öldutún, 220 Hafnarfjörður. Umsóknarfrestur er til 2. maí næstkomandi.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

---

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Áslandsskóli

**Áslandsskóli óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:**

- Almenn kennsla á miðstigi
- Íþróttakennsla
- Textílmennt
- Skólaliði

Áslandsskóli er heildstæður grunnskóli í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Skólinn er í glæsilegu húsnæði og vel búinn í alla staði.

Skólastefnan byggir á fjórum hornstoðum menntunar. Þ.e. að rækta sammannlegar dygðir, efla hnattrænan skilning, þjónustu við samfélagið og að gera allt framúrskarandi vel.

Í Áslandsskóla er lögð aukin áhersla á lífsleikni og tungumálanám og eru vikulegar morgunstundir hluti af slíkri fræðslu.

Skólaheiti skólans er: Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig. Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfri/sjálfum mér og öðrum.

Unnið er með SMT skólafærni og hefur sú vinna hjálpað við að efla góðan skólabrag enn frekar.

Við skólann starfar metnaðargjarn, framsækinn og samhentur hópur starfsfólks sem hefur með góðri samvinnu og jákvæðu hugarfari búið til öflugan skóla, í samstarfi við kraftmikinn nemendahóp.

Nánar um skólann á www.aslandsskoli.is

Allar nánari upplýsingar veita skólastjóri, Leifur S. Garðarsson, leifur@aslandsskoli.is og aðstoðarskólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir, ueg@aslandsskoli.is og í síma 585 4600.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

---

# Kennarar athugið!

## Stöður lausar fyrir áhugasamt fólk

### Lausar eru kennarastöður við Grunnskóla Snæfellsbæjar

frá og með næsta skólaári. Skólinn var stofnaður haustið 2004 þegar grunnskólarnir í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhólsskóla voru sameinaðir undir nafni Grunnskóla Snæfellsbæjar. Starfsstöðvar skólans eru nú staðsettar á fyrrnefndum stöðum.

Meðal mögulegra kennslugreina er nýsköpun og umsjón með tölvumálum skólans, almenn kennsla og umsjón á yngsta- og miðstigi, textílmennt, smíðar, heimilisfræði og myndmennt, auk íslensku-, samfélagsfræði- og dönskukennslu á unglingastigi. Aðrir möguleikar eru fyrir hendi.

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur fá kennslu miðað við þroska og getu, að efla sjálfstæði nemenda, samvinnu og árangursrík vinnubrögð, með áherslu á vellíðan nemenda og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu. Skólinn er umvafinn mörgum af fallegustu náttúruperlum Íslands sem býður upp á mikla möguleika í starfi.

Snæfellsbær er 1700 manna bæjarfélag á vestanverðu Snæfellsnesi. Helstu þéttbýliskjarnar bæjarfélagsins eru Ólafsvík, Hellissandur og Rif. Í Snæfellsbæ er gott að búa, öll helsta þjónusta er í bæjarfélaginu og félagslíf mjög öflugt. Þá er sama hvort talað er um þjónustu sveitarfélagsins (heilsugæsla, leikskólar, tónskóli o.fl.) eða einkaaðila (verslanir, líkamsræktarstöð o.fl.). Félagslífið er margbrotið, s.s. klúbbastarf, kórar og mikil gróska í íþróttalífi, hvort sem er hjá börnum eða fullorðnum.

Nú er að grípa tækifærið og ganga til liðs við metnaðarfullan hóp sem ætlar sér stöðugt að gera góðan skóla betri!

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Magnús Þór Jónsson skólastjóra, í símum 433-9900 og 894-9903, eða senda tölvupóst á maggi@gsnb.is eða gs@gsnb.is. Öllum umsóknum verður svarað. Hafðu samband, þú tapar engu en gætir grætt mikið!

# Sölustjóri

Snæfiskur óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til starfa sem sölustjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
• Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsmála
• Reynsla af sambærilegu starfi kostur
• Mikill áhugi á sölu- og markaðsstarfi
• Metnaður og framsækni í starfi
• Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna undir álagi
• Rík þjónustulund, samviskusemi og nákvæm vinnubrögð
• Hæfni í mannlegum samskiptum
• Góð tölvu- og enskukunnátta

**Starfssvið:**
• Ábyrgð á sölu- og markaðsmálum
• Sölu- og markaðsáætlanir og eftirfylgni
• Samskipti og hugmyndavinna með söluteymi
• Þátttaka í sölu
• Samskipti við viðskiptavini
• Samskipti við innlenda og erlenda birgja
• Þátttaka í stefnumótun

Snæfiskur var stofnað árið 1992. Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, pökkun, dreifingu og sölu á frystum sjávarafurðum fyrir veitingamarkaðinn og verslanir. Vörutegundir eru yfir 100 talsins og má þar nefna, túnfisk, risarækju, krabbakjöt, humar, rækjur og hörpudisk. Snæfiskur er í dag í eigu Jóhanns Ólafssonar & Co..

Reyklaus vinnustaður.

Upplýsingar um starfið gefur:
Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri, í síma 555 7900.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið:
jon@snaefiskur.is

Umsóknafrestur til og með:
20. apríl 2007.

# MÓTTÖKURITARI & BÓKARI






**BORG ehf. – Einingaverksmiðja og Steypustöð** *hóf starfsemi sína í upphafi ársins 2005. Hjá fyrirtækinu starfa nú 55 manns við framleiðslu, sölu og dreifingu forsteyptra húseininga og steinsteypu. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið hraður og hefur framleiðsla og þjónusta fyrirtækisins fengið góðar viðtökur viðskiptavina. Félagið leggur áherslu á gæði, áreiðanleika og heildarlausnir.*

**BORG** *er traust og öflugt framleiðslu-fyrirtæki í örum vexti. Spennandi verkefni framundan – góður starfsandi.*

## Móttökuritari

Óskum eftir starfsmanni í móttöku á skrifstofu fyrirtækisins. Helstu verkefni eru símsvörun, móttaka viðskiptavina, innkaup á skrifstofuvörum og önnur tilfallandi skrifstofustörf. Við leitum að einstaklingi með góða almenna tölvukunnáttu og ríka þjónustulund. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## Bókari, hlutastarf

Óskum eftir að ráða bókara í hlutastarf. Helstu verkefni eru færsla bókhalds, afstemmingar og tilfallandi störf á skrifstofu. Við leitum að einstaklingi með góða bókhaldsþekkingu og mikla skipulagshæfni. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist á netfangið hermann@evborg.is**

EININGAVERKSMIÐJA BORG STEYPUSTÖÐ

Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777 ·Fax: 414-7779 · borg@evborg.is · www.evborg.is

# Bergey - eignarhaldsfélag ehf.

## - óskar að ráða í eftirtalin störf:

### Innflutningur og tollskýrslugerð
**Starfssvið:**
• Tollafgreiðsla
• Verðútreikningur
• Frágangur skjala

**Hæfniskröfur:**
• Reynsla í tollskýrslugerð skilyrði
• Nákvæmni í vinnubrögðum
• Framúrskarandi samskiptahæfni
*Vinnutími 9:00 -17:00*

### Bókari
**Starfssvið:**
• Almenn bókhaldsstörf
• Afstemmingar og uppgjör

**Hæfniskröfur:**
• Reynsla af bókhaldsvinnu skilyrði
• Nákvæmni í vinnubrögðum
• Framúrskarandi samskiptahæfni
• Sjálfstæði í vinnubrögðum
• Reynsla af Navision kostur
*Vinnutími 9:00 -17:00*

### Viðskiptafræðingur/Aðalbókari
**Starfssvið:**
• Yfirumsjón með bókhaldi
• Yfirumsjón með afstemmingum og uppgjöri
• Frágangur milliuppgjöra og ársreikninga
• Almenn bókhaldsstörf

**Hæfniskröfur:**
• Viðskiptafræðimenntun skilyrði
• Reynsla af uppgjörsvinnu og bókhaldi skilyrði
• Nákvæmni í vinnubrögðum
• Framúrskarandi samskiptahæfni
• Sjálfstæði í vinnubrögðum
• Reynsla af Navision kostur
*Vinnutími 9:00 -17:00*

### Gjaldkeri og almenn skrifstofustörf
**Starfssvið:**
• Móttaka og skráning reikninga
• Greiðsla reikninga og undirbúningur til bókunar
• Innheimta
• Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**
• Framúrskarandi samskiptahæfni
• Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
• Reynsla af Navision kostur
*Vinnutími 9:00 -17:00*

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á fanny@toyota.is fyrir mánudaginn 23. apríl.**
**Nánari upplýsingar um auglýst störf veitir Fanný Bjarnadóttir í síma 570 5070.**

Bergey eignarhaldsfélag ehf. er í eigu Magnúsar Kristinssonar. Innan félagsins eru Toyota á Íslandi hf., M. Kristinsson ehf., Toppbílar ehf., Bergey fasteignafélag ehf., Sólning hf., Barðinn ehf., Motormax ehf. og Bílaleiga Flugleiða ehf., ásamt nokkrum öðrum smærri félögum. Aðsetur Bergeyjar eignarhaldsfélags ehf. er í Skútuvogi.

Nánari upplýsingar má sjá á netföngum félaganna:
www.toyota.is, www.toppbilar.is, www.solning.is, www.motormax.is, www.hertz.is

MJÓLKURSAMSALAN

## PÖKKUNARSTÖRF

Mjólkursamsalan auglýsir eftir starfsfólki til pökkunarstarfa frá og með 2. maí n.k. og til loka september.

Unnið verður á kvöldvakt en vinnutíminn er frá kl. 15:30 – 21:10.

Vinsamlegast hafið samband við verkstjóra í ostapökkun í síma 5691600.

## Fasteignasala - skjalagerð.

Öflug og rótgróin fasteignasala á Höfuðborgarsvæðnu óskar að ráða löggiltan fasteignasala og/eða lögmann til samninga- og skjalagerðar.

Umsækjandi þarf að vera nákvæmur, glöggur og góður í mannlegum samskiptum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Umsóknir skulu berast á box@frett.is fyrir 19. apríl merkt Skjalagerð - 101

## Fasteignasala - sölumaður.

Rótgróin og umsvifamikil fasteignasala á Höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða harðduglegan og hæfileikaríkan sölumann til starfa.

Umsækjandi þarf að hafa sútdentspróf og bíl til umráða. Reynsla af störfum á fasteignamarkaði ásamt löggildingu í fasteignasölu er kostur.

Áhugasamir sendi inn umsókn á box@frett.is. merkt Sölumaður-322

FOSSHÓTEL — INNS OF ICELAND — VR 2006

### Fosshótel ehf. auglýsa eftir fólki til starfa. Eftirtalin störf eru í boði:

**Hótelstjóri á Fosshóteli Reykholti - framtíðarstarf**

Starfssvið:
- Yfirumsjón og skipulagning daglegs reksturs
- Daglegt uppgjör, skýrslugerð og bókhald
- Samskipti við aðalskrifstofu og viðskiptavini
- Þjónusta við gesti
- Markaðssetning

Hæfniskröfur:
- Gott vald á íslensku og ensku. Öll frekari tungumála kunnátta er kostur
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi
- Útsjónasemi, viðskiptavit og metnaður
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi

Starfið er laust samkvæmt nánara samkomulagi. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is

Fosshótel Reykholt er menningartengt ferðamannahótel sem byggir á þríþættu þema: norrænni goðafræði, íslenskum bókmenntum og klassískri tónlist. Hótelið var nýlega enduropnað eftir víðtækar breytingar á húsnæðinu. Einnig er starfrækt heilsulind á Fosshóteli Reykholti þar sem boðið er upp á margvísleg meðferðarherbergi og heitar laugar.

**Almennt skrifstofustarf á aðalskrifstofu Fosshótela og Inns of Iceland í Reykjavík, framtíðarstarf**

Hæfniskröfur:
- Gott vald á íslensku og ensku. Öll frekari tungumálakunnátta er kostur
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptafærni
- Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af notkun Navision / Cenium kerfa er kostur

Starfið er laust nú þegar.

**Matreiðslumenn, sumarstörf á ýmsum hótelum**

Hæfniskröfur:
- Hæfni til að elda bragðgóðan mat
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum æskileg
- Vingjarnleiki

Fosshótel eru næststærsta hótelkeðja á Íslandi. Hótelin í keðjunni bjóða upp á fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða þriggja stjörnu heilsárshótel. Einkunnarorð Fosshótela eru: "Vinalegri um allt land". Til að standa undir þeim er nauðsynlegt að hafa vingjarnalegt, þjónustulundað og fjölhæft starfsfólk í hverju starfi. Árangursrík og ánægjuleg samskipti er leiðandi stefna í öllum rekstri fyrirtækisins. Þjónustukannanir sýna að gestir Fosshótela eru almennt mjög ánægðir dvöl sína, en 96-98% gefa dvölinni góða eða ágætis einkunn.

Inns of Iceland er keðja gistiheimilia og ódýrari gistimöguleika á Íslandi. Inns of Iceland er ætlað að sinna þörfum þeirra sem sækjast eftir hagkvæmri og heimilislegri gistingu um allt land. Í dag eru gistiheimili Inns of Iceland tvö talsins.

*Nánari upplýsingar veitir Þórður B. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, í síma 562 4000 (-5) eða í gegnum tölvupóstfangið thordur@fosshotel.is*

prentmet HRAÐÞJÓNUSTA

## BÍLSTJÓRI ÓSKAST STRAX

Prentmet óskar eftir að ráða bílstjóra með meiraþróf til framtíðarstarfa.

Starfið er aðallega fólgið í:
- Útkeyrslu
- Viðhaldi og umhirðu bíls
- Umsjón með afhendingu verka
- Prófarkasendingum

Við leitum að aðila sem er ábyrgðarfullur, duglegur, heiðarlegur, traustur, góður í samvinnu, sýnir frumkvæði, hefur góða þjónustulund og eflir heildina.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Atvinnuumsókn er á heimasíðunni www.prentmet.is

Umsóknarfrestur er til 20. apríl 2007.

Nánari upplýsingar um starfið eru hjá starfsmannastjóra í síma 8560604.

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

Bílabúð Benna

## Vörustjóri - Innkaup

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða starfsmann vanan innkaupum og vörustjórnun sem fyrst.

**Starfið felst meðal annars í:**
- Innkaupum
- Samskipti við birgja og flutningsaðila
- Vörustjórnun
- Gerð innkaupaáætlana

Leitað er að samviskusömum starfsmanni sem hefur reynslu og þekkingu í innkaupum og lagerhaldi.
**Umsóknarfrestur er til 22. apríl.**
Fullum trúnaði heitið, öllum umsóknum svarað.
Upplýsingar veitir Ingi Már í s. 590-2000.
Umsóknir með upplýsingum og starfsferilskrá berist á tölvupóstfang *ingi@benni.is.*

*Bílabúð Benna ehf er 30 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins.*
*Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða.*
*Bílabúð Benna ehf er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.*

Þelamerkurskóli

## Skólastjóri Þelamerkurskóla

Laus er til umsóknar staða skólastjóra Þelamerkurskóla í Eyjafirði

*Þelamerkurskóli er heildstæður grunnskóli með um 90 nemendur í fögru umhverfi í Hörgárdal, um 12 km frá Akureyri. Skólinn er rekinn af sveitarfélögunum Arnarneshreppi og Hörgárbyggð. Skólastefnan grundvallast m.a. á einstaklingsmiðuðu námi og hugmyndafræði HHH sem felur í sér heilsu, hreyfingu og hollustu. Við skólann er starfandi útiskóli í 1.- 4. bekk og sem valfag í 9.-10. bekk. Á skólalóðinni er vel búið íþróttahús og sundlaug.*

*Á stefnuskrá skólans er að gerast aðili að Grænfána verkefninu.*

**Einkennisorð skólans eru þroski - menntun - samkennd.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi skólans
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans í samráði við skólanefnd

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræði er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af rekstri
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Færni í mannlegum samskiptum

Gert er ráð fyrir búsetu skólastjóra á staðnum og er gott einbýlishús til staðar.

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og K.Í.

Nánari upplýsingar gefa formaður skólanefndar, Jóhanna María Oddsdóttir, í síma 862 3152 og Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri í símum 862 3839 og 460 1774.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst 2007.

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2007.**

Umsóknir ásamt mynd og ferilskrá sendist: Skólanefnd Þelamerkurskóla, skrifstofu Hörgárbyggðar, Þelamerkurskóla, 601 Akureyri.

## Gott ráð við hitanum í sumar

–látið drauminn rætast!




### Sölumaður/bílstjóri

Emmessís hf. óskar að ráða sölumann/bílstjóra til afleysinga í sumar, við útkeyrslu og sölustörf. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir og hafa meirapróf, eða almenn ökuréttindi tekin fyrir 1. júní 1993. Jafnframt kemur til greina að greiða hluta meiraprófs til þeirra sem nýlega hafa lokið námskeiðinu.

Áhugasamir skili inn umsókn á skrifstofu Emmessís hf. Bitruhálsi 1 eða á póstfangið emmessis@emmess.is fyrir 23. apríl nk.



emmessís

ATLANTIK

## Ferðaskrifstofustarf

Vegna aukinna umsvifa hjá okkur á ferðaskrifstofunni Atlantik höfum við huga á að bæta við tveimur starfsmönnum á skrifstofu okkar.

### Verkefnastjóri í hvataferðadeild

Við erum að leita að starfsmanni með mjög góða tungumálakunnáttu, einkum í ensku bæði talaðri og ritaðri. Starfsmaðurinn þarf að búa yfir eldmóði og metnaði í öllu því sem tekist er á hendur. Viðkomandi þarf einnig að geta unnið vel undir álagi, hafa góða skipulagshæfileika og mikla þjónustulund. Starfsmaðurinn þarf að geta unnið langan vinnudag og yfirvinnu á álagstímum. Menntun á sviði ferðaþjónustu eða önnur menntun á háskólastigi er æskileg.

### Fulltrúi - almennt skrifstofustarf

Við erum einnig að leita að starfsmanni með IATA/UFTA réttindi. Um er að ræða starf við úrvinnslu, aðstoð við undirbúning og framkvæmd hópa, bókanir og almenna aðstoð á skrifstofunni. Viðkomandi þyrfti ennfremur að geta séð um flugbókanir innanlands og utan, auk þess að aðstoða við dagleg störf í fleiri deildum. Í þetta starf erum við að leita að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á almennri ferðaþjónustu, hefur ríka þjónustulund, þekkir til innlendra birgja í ferðaþjónustu og er tilbúinn að vinna heilmikið þegar mikið liggur við.

Hjá Atlantik er starfsumhverfið spennandi, sérstaklega fjölbreytt, krefjandi og í sífelldri mótun. Í dag starfa 14 manns hjá fyrirtækinu.

### Starfsmannastefna Atlantik

Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði, þjónustulund og tekur virkan þátt í því að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

Skriflegar umsóknir ásamt lífshlaupi berist Fréttablaðinu merkt "atlantik" - og því starfi sem sótt er um - fyrir 27. apríl 2007.

# Vanir smiðir óskast strax!

## Góð laun í boði



**ÞG-Verk vill ráða til starfa vana smiði til vinnu. Spennandi verkefnastaða og góður starfsandi.**

Áhugasamir fylli út umsóknir á **www.tgverk.is**. Upplýsingar líka veittar í síma 534-8400 á skrifstofutíma.

Fossaleyni 16
112 Reykjavík
Sími 534 8400
**www.tgverk.is**

*Fasteignir og framkvæmdir fyrir kröfuharða*

ÞG-VERK

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri í Hlíðaborg

**Aðstoðarleikskólastjóri í Hlíðaborg**
Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Hlíðaborg, Eskihlíð 19.

Leikskólinn er þriggja deilda þar sem dvelja 51 barn. Í Hlíðaborg er lögð áhersla á skapandi starf, málörvun og leik með ritmálið. Einnig er mikið lagt upp úr sjálfstæði barnanna og ábyrgð gagnvart sér og öðrum, til að efla færni þeirra í því að velja og hafna í framtíðinni. Markmiðið er að allir njóti lífsins hér og nú og að bæði fullorðnir og börn virði hvert annað og temji sér umburðarlyndi og tillitsemi.

**Menntunar og færnikröfur:**
- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Menntun eða reynsla í stjórnun æskileg
- Þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus 15. maí 2007.
Nánari upplýsingar veita Heiða Björg Scheving leikskólastjóri í síma 552-0096 og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Umsóknarfrestur er til 30.apríl 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist Leikskólasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1 eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is
Laun eru skv. kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

TOYS "R" US

# Aðstoðarverslunarstjóri óskast!

## Framtíðarstarf

### Við leitum að aðstoðarverslunarstjóra sem hefur áhuga á að undirbúa opnun fyrstu verslunar okkar á Íslandi - Toys"R"Us í Kópavogi

**Hefur þú brennandi áhuga á að hjálpa litlum og stórum viðskiptavinum okkar?**
Sem aðstoðarverslunarstjóri í Toys "R" Us færðu að vinna í nútímalegu fyrirtæki sem jafnframt er stærsta keðja leikfangaverslana í heimi. Hjá okkur er alltaf nóg að gera og hver dagur býður upp á ný verkefni.

**Sem aðstoðarverslunarstjóri...**
hefur þú umsjón með starfsmannaráðningum, hvatningu, sölu, viðskiptaþjónustu, lager og þú þarft að sjá til þess að tekið sé vel á móti viðskiptavinum í versluninni. Þú þarft að hafa vilja og hæfni til að þroskast með ört vaxandi fyrirtæki sem býður upp á góða frama möguleika.

**Við bjóðum þér...**
menntun við okkar eigin TOP-TOY Academy til þess að þjálfa þig í starfi aðstoðar verslunarstjóra. Við leggjum ávallt mikla áherslu á persónulega og faglega þróun. Þess vegna eru góðir möguleikar hjá okkur, og þú setur sjálf/ur mörkin fyrir því hversu langt þú vilt ná...

**Hæfniskröfur**
Reynsla af verslunarstörfum. Þú ert að eðlisfari, opinn, með góða þjónustulund og leggur þig fram til þess að læra eitthvað nýtt í fagi sem er í stöðugri þróun.

Þú færð starfsþjálfun í annarri TOYS"R"US verslun á Norðurlöndunum.

Starfsumsóknir tilkynnist fyrir 5.maí n.k.

Nánari upplýsingar veita Robert Lexberg sölustjóri í síma +46 70 689 3915 eða Ole Bay starfsmannastjóri í síma +45 4616 3856.

Sendu umsóknina þína með tölvupósti til job@toys.dk með viðeigandi fylgiskjölum merkt "Island"

Okkur vantar einnig starfsfólk í verslunina sem vill taka þátt í þeirri áskorun að byggja upp glænýja TOYS"R"US verslun. Sendu okkur umsókn ef þú hefur áhuga.

## » Ráðningarþjónusta

# Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

# Leitar þú að starfsmanni?

Kostir þess að nýta sér þjónustu **HH Ráðgjafar:**

**» Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**» Markviss leit**
Nýr hugbúnaður gerir leit mjög markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn til starfsins.

**» Enginn auglýsingakostnaður**
Við sjáum um að auglýsa starfið eins og þörf krefur án þess að til komi aukakostnaður.

**» Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir eða er sagt upp störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

Nánari upplýsingar í síma 561 5900

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Kannaðu málið á www.hhr.is

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## » Ráðningarþjónusta

# Sumarstörf!

## Sumarstörfin eru hjá okkur.

Kannaðu málið á www.hhr.is

# Leitar þú að sumarstarfsfólki?

» **HH Ráðgjöf** býður fyrirtækjum ódýra og árangursríka leið til að finna sumarstarfsfólkið.

Nánari upplýsingar veita ráðgjafar okkar í síma **561 5900** eða í tölvupósti: **hhr@hhr.is.**

HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Kannaðu málið á www.hhr.is

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

INOX JÁRNSMIÐJA

**Inox járnsmiðja óskar eftir að ráða járnsmiði eða menn vana járnsmíði.**

Upplýsingar í síma 581-1313 Árni eða Eiríkur eða senda póst á inox@inox.is.

---

# MÁLARAR ÓSKAST

Vegna mikilla verkefna óskum við eftir málurum eða mönnum með reynslu af málningarvinnu.
FRAMTÍÐARVINNA

Upplýsingar gefur Valdimar Kristinsson málarameistari í síma 898 4988.

Valdimar Kristinsson
Málarameistari
gsm 898 4988

Bestamál
málningarþjónusta

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið Reykjavíkur



# Skólaárið 2007-2008 eru eftirfarandi stöður grunnskólakennara lausar

## Laus störf í grunnskólum Reykjavíkur

**Álftamýrarskóli,** Álftamýri 79, sími 570-8100
- Umsjónarkennari á yngsta stigi. Samkennsla árganga.
- Umsjónarkennari á unglingastigi. Kennslugreinar líffræði og eðlisfræði.

**Árbæjarskóli,** Rofabæ 34, sími 567-2555/664-8120/664-8121
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi og miðstigi.
- Íþróttakennari stúlkna.
- Bókasafnsfræðingur sem hefur með höndum stjórn skólasafnsins.

**Engjaskóli,** Vallengi 14, sími 510-1300
- Heimilisfræðikennari í 70% stöðu.

**Fellaskóli,** Norðurfelli 17-19, sími 557-3800
- Staða þroskaþjálfa í sérdeild fyrir einhverfa.

**Foldaskóli,** Logafold 1, sími 540-7600
- Íslenskukennari á unglingastigi.
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi.
- Umsjónarkennarar á miðstigi.
- Þroskaþjálfi í 70-100% stöðu.
- Náms- og starfsráðgjafi.

**Háteigsskóli,** v/Háteigsveg, sími 530-4300
- Raungreina- og umsjónarkennara á unglingastigi.
- Dönsku- og umsjónarkennara á unglingastigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi sem einnig getur kennt ensku.
- Íþróttakennari.

**Hvassaleitisskóli,** v/Stóragerði, sími 570-8800
- Danskennari í 50% stöðu.
- Íslenskukennari í 8.-10. bekk.
- Náttúruvísindakennari í 6.-10. bekk.
- Tónmenntakennari í 50% stöðu.

**Ingunnarskóli,** Maríubaugi 1, sími 411-7828
- Enskukennari vegna afleysinga fram að jólum.
- Kennari á yngsta stigi/byrjendakennsla.
- Kennari á miðstigi.
- Listgreinakennari.
- Raungreina- og stærðfræðikennsla á unglingastigi.
- Tónmenntakennari.

**Langholtsskóli,** Holtavegi 23, sími 553-3188
- Danskennari í 50% stöðu.
- Tónmenntakennari.

**Laugalækjarskóli,** v/Laugalæk, sími 588-7500
- Heimilisfræðikennari.
- Náttúrufræðikennari.

**Melaskóli,** Hagamel 1, sími 535-7500
- Umsjónarkennarar á yngsta stigi og miðstigi.
- Þroskaþjálfi í 50%-100% stöðu.

**Norðlingaskóli,** v/Árvað 3, sími 411-7640
- Íslensku og stærðfræðikennari í 8. - 9. bekk.
- Leiklistar- og danskennari
- Tungumálakennara (enska og danska).
- Umsjónarkennarar á yngsta, mið og unglingastig.
- Sérkennari.

**Rimaskóli,** Rósarima 11, sími 567-6464/664-8320
- Faggreinakennsla og umsjón á unglingastigi. Kennslugreinar: Íslenska, enska, danska og þýska.
- Þroskaþjálfi í 75% - 100% stöðu.

**Seljaskóli,** Kleifarseli 28, sími 411-7500
- Heimilisfræðikennari í hlutastöðu.
- Kennari á miðstigi.
- Náttúrufræðikennari í hlutastöðu.
- Smíðakennari í hlutastöðu.

**Sæmundarskóli,** Gvendargeisla 168, sími 411-7848
- Almenn kennsla á yngsta stigi.
- Almenn kennsla í 6.- 7. bekk.
- Íþróttakennari, hlutastarf kemur til greina.
- Tónmenntakennari. Hlutastarf kemur til greina.

**Vogaskóli,** v/Skeiðarvog, sími 411-7373
- Íþróttakennari stúlkna.
- Kennari á unglingastigi, helstu kennslugreinar samfélagsfræði og íslenska.
- Smíðakennari í 70-80% stöðu.
- Umsjónarkennarar á miðstigi.

**Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti eru á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. Kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.**

**Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Setbergsskóli**
**Skólaárið 2007 - 2008**

Við óskum eftir góðum starfsmönnum til liðs við okkur næsta skólaár. Í Setbergsskóla ríkir góður starfsandi og nú er lag að bætast í hópinn.

Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar:
Íþróttakennsla
Námsráðgjöf (50%)
Kennsla í valgreinum s.s. spænsku og leikrænni tjáningu:
Upplýsingar gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 565 1011 eða 664 5880 (Guðríður) og 664 5879 (Hrönn).

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

---

## Meðferðarheimilið Hvítárbakki

# Rekstur - meðferð

Barnaverndarstofa leitar eftir fólki til að taka að sér rekstur meðferðarheimilis á Hvítárbakka í Borgarfirði. Um er að ræða heimili fyrir börn á unglingsaldri þar sem fram fer meðferð, nám, vinna og fjölskyldumeðferð. Heimilið er rekið skv. þjónustusamningi við Barnaverndarstofu.

**Leitað er eftir fólki sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:**
- hefur menntun og reynslu á sviði meðferðar barna og unglinga
- hefur áhuga og getu til að skapa börnunum þroskandi og uppbyggileg skilyrði
- býr yfir góðum samskiptahæfileikum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst 2007. Umsóknarfrestur er til og með 7. maí, og skal skila umsóknum til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir forstjóri í síma 530 2600 eða bragi@bvs.is.

Barnaverndarstofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum og framlengja umsóknarfrest ef umsækjendur uppfylla ekki skilyrði.

**Upplýsingar um Barnaverndarstofu má finna á heimasíðu www.bvs.is**

## Múrarar - Flísamenn

**Óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum múrurum til liðs við framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.**

Strúctor er alhliða byggingaþjónusta með fagmennsku í fyrirrúmi.

Næg vinna framundan
Símar: 824-0150 / 824-0157

Strúctor
byggingaþjónusta

# Vanir kranamenn óskast strax!

## Góð laun í boði



**ÞG-Verk vill ráða til starfa vana kranamenn til vinnu. Spennandi verkefnastaða og góður starfsandi.**

Áhugasamir fylli út umsóknir á **www.tgverk.is**.
Upplýsingar líka veittar í síma 534-8400 á skrifstofutíma.

Fossaleyni 16
112 Reykjavík
Sími 534 8400
**www.tgverk.is**

*Fasteignir og framkvæmdir fyrir kröfuharða*

ÞG-VERK

## Framtíðarstarf hjá fyrirmyndarfyrirtæki

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

Mekka wines & spirits hf. sem er einn stærsti áfengisinnflytjandi landsins leitar að skemmtilegum og metnaðarfjörnum vinnufélaga.

### SAMVISKUSAMUR BÍLSTJÓRI:

Vegna aukinna umsvifa leitum við að samviskusömum bílstjóra.

STARFIÐ:
- Vinnutími 8-17
- Útkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu
- Samantekt á vörum

HÆFNISKRÖFUR:
- Góðir samskiptahæfileikar
- Mikil þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af lagerstörfum
- Meirapróf kostur
- Reynslu af innheimtu kostur

Áhugasamir skili inn umsókn til auglýsingadeildar Fréttablaðsins merkt: „Mekka bílstjóri" eða sendið í tölvupósti á umsokn@mekka.is með upplýsingum um menntun og starfsreynslu (ásamt mynd).

Athugið upplýsingar um starfið verða ekki veittar í síma.
Kynntu þér fyrirtækið á www.mekka.is
Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 23. apríl 2007

Mekka Wines&Spirits

## Staða ritara við Barnahús

Barnaverndarstofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu ritara við Barnahús en Barnahús hefur með höndum þjónustu við börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi.

Um er að ræða fullt starf. Í starfinu felst m.a. símsvörun, reikningaskrif, móttaka og skráning tilvísana, skráning upplýsinga í gagnagrunn, ráðgjöf við barnaverndarnefndir og aðra auk þátttöku í fræðslu um starfssemina. Þekking á starfi barnaverndarnefnda er æskileg. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af LotusNotes/GoPro og SPSS. Kostur er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður Barnahúss í síma 530 2500.

Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík og er umsóknarfrestur til og með 30. apríl.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Leikskólinn Lundaból

Í Lundabóli leggjum við áherslu á að starfið einkennist af jákvæðni og virðingu og er velferð nemenda okkar leiðarljós.

Einkunnarorð leikskólans eru Hjarta – Hugur – Hönd.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsháttum óskum við eftir leikskólakennurum eða uppeldismenntuðum aðilum til að sjá um kennslu á eftirfarandi námssviðum:
- Hreyfingu
- Tónlist
- Listgreinum

Einnig óskum við eftir starfsfólki í neðangreind störf:
- Deildarstjóri
- Sérkennslustjóri

Upplýsingar veita Katrín S. Einarsdóttir leikskólastjóri og Ingunn Þóra Hallsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 565 6176.

Fræðslu- og menningarsvið

## FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL ÓSKAR EFTIR UMSJÓNARMANNI FRÍSTUNDAHEIMILIS FYRIR 6 ÁRA Í SELINU MELASKÓLA

- **Við leitum að uppeldismenntuðum einstaklingi, sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og áhugavert starf við rekstur frístundaheimilis fyrir 6 ára börn í náinni samvinnu við umsjónarmann frístundaheimilisins Selsins í Melaskóla fyrir 7-9 ára börn.**

Starfið gerir kröfu um að sá sem sinnir því sé með mikla reynslu af starfi með börnum, eigi gott með að vinna í hópi, sé sveigjanlegur, jákvæður og skapandi og áhugasamur um faglegt starf á vettvangi frítímans. Í starfinu felst þó nokkur stjórnenda- og undirbúningsvinna og því þarf umsækjandi að vera skipulagður og æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun. Auk þess þarf umsjónarmaður að vera vel liðtækur á helstu tölvuforrit.



Umsjónarmaður mun starfa sem yfirmaður leikjanámskeiða í Frostaskjóli í sumar og taka yfir ábyrð á frístundaheimilinu fyrri part ágúst.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf í kringum 1. júní 2007. Möguleiki er á að ráðning hefjist fyrr.

**Frábært tækifæri fyrir áhugasama einstaklinga sem eru að ljúka námi í uppeldis- og / eða kennslufræðum eða svipuðu námi og vilja starfa á vettvangi frítímans.**

→ Nánari upplýsingar veita Steinunn Gretarsdóttir deildarstjóri barnasviðs, **steinunn.gretarsdottir@reykjavik.is** og Guðrún Kaldal, forstöðumaður, **gudrun.kaldal@reykjavik.is**, í síma Frostaskjóls 411-5700

→ **Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl**

→ Umsóknum skal skilað á skrifstofu Íþrótta og tómstundasviðs á Fríkirkjuvegi 11. Laun eru skv. Kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur I Fríkirkjuvegi 11 Sími 411 5000 I Bréfsími 411 5009 I www.itr.is I itr@itr.is

ÍTR

Reykjavíkurborg

LEIKSKÓLASVIÐ

**Laus störf í leikskólum**

**Deildarstjóri**

- **Blásalir,** Brekknaási 4, sími 557-5720.
- **Geislabaugur,** Kristnibraut 26, sími 517-2560. Um er að ræða annars vegar afleysingu í 1 ár frá 1. ágúst n.k. og fasta stöðu frá 1. ágúst n.k. á eldri deild barna.
- **Gullborg,** Rekagranda 14, sími 562-2455.
- **Hlíðaborg,** Eskihlíð 19, sími 552-0096.
- **Laufskálar,** Laufrima 9, sími 587-1140.
- **Laugaborg,** v/Leirulæk, sími 553-1325.
- **Sæborg,** Starhaga 11, sími 562-3664.

**Leikskólakennari/leiðbeinandi**

- **Berg,** v/Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039.
- **Blásalir,** Brekknaási 4, sími 557-5720.
- **Heiðarborg,** Selásbraut 56, sími 557-7350. Um er að ræða 75-100% stöðu.
- **Hlíðaborg,** Eskihlíð 19, sími 552-0096.
- **Holtaborg,** Sólheimum 21, sími 553-1440.
- **Leikskólinn Norðlingaholti,**sími 517-2566/693-9812.
- **Laugaborg,** v/Leirulæk, sími 553-1325.
- **Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380.**
- **Völvuborg,** Völvufelli 7, sími 557-3040.
- **Hlíðarendi,** Laugarásvegi 77, sími 553-7911. Um tímabundið hlutastarf er að ræða.

**Sérkennsla**

- **Klettaborg,** Dyrhömrum 5, sími 567-5970. Um er að ræða 50-100% stöðu.
- **Sólborg,** Vesturhlíð 1, sími 551-5380.

**Atferlisþjálfi**

- **Klettaborg,** Dyrhömrum 5, sími 567-5970. Um er að ræða 50-100% stöðu.
- **Sólborg,** Vesturhlíð 1, sími 551-5380.

**Þroskaþjálfi**

- **Lindarborg,** Lindargötu 26, sími 551-5390. Um er að ræða 50% stöðu f.h. vegna barns með einhverfu. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði TEACCH kerfisins.
- **Múlaborg,** Ármúla 8a, sími 568-5154.

**Aðstoð í eldhúsi**

- **Sæborg,** Starhaga 11, sími 562-3664. Um er að ræða 60% stöðu eftir hádegi. **Um er að ræða framtíðarstörf.**

**Allar lausar stöður í leikskólum eru auglýstar á leikskolar.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

flugrútan

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

# Bílstjórar

Kynnisferðir óska eftir að ráða bílstjóra með aukin ökuréttindi, helst ökuritakort.

Starfsstöðvar eru í Reykjavík og í Keflavík. Um er að ræða vinnu virka daga eða vaktir; dagvaktir, eftirmiðdagsvaktir og næturvaktir, enda eitthvað um að vera allan sólarhringinn. Kunnátta í ensku er mikill kostur, en ekki skilyrði.

Um alls konar vinnufyrirkomulag getur verið að ræða; fullt starf, hlutastarf og útkallavinnu.

Framtíðarstarf eða sumarvinna.

Þeir sem hafa áhuga eru beðnir að senda umsóknir á netfangið sigridur@re.is fyrir 27. apríl 2007. Einnig liggja frammi umsóknareyðublöð í afgreiðslu Kynnisferða ehf. í Umferðarmiðstöðinni og í Vesturvör 6 í Kópavogi.

www.re.is • www.flybus.is • sími 562 1011



Búast má við mikilli vinnu í fiskvinnslunni hjá Granda í sumar. Hér er litið yfir salinn.

# Bónus og talsverð eftirvinna

***Útgerðarfélagið Grandi er með tólf skip á sjó og stóra fiskvinnslu í landi. Þar skapast störf fyrir skólafólk á sumrin.***

„Sumarstörfin hjá okkur eru einkum í landi. Yfirleitt opnast fyrir einhver störf á sjónum líka en þó er ekki hægt að ganga að þeim vísum,“ segir Eggert Guðmundsson, forstjóri Granda, þegar hann er spurður hvort hann vanti vinnufólk í sumar. Skipin tólf sem Grandi gerir út eru frystiskip, ísfiskskip og uppsjávarveiðiskip. Eggert segir skiptiáhafnir á þeim sem leysi hverja aðra af, þannig að lítil þörf sé á sérstöku sumarafleysingafólki. Hins vegar segir hann landvinnsluna treysta á skólafólkið.

Ísleifur Arnarson sér um ráðningar í fiskvinnsluna. Þar er um hefðbundna frystihússvinnu að ræða, snyrtingu og pökkun. „Þetta verður með svipuðu sniði og undanfarin ár. Við ráðum um 30 starfsmenn í afleysingar fyrir allt sumarið,“ segir Ísleifur og kveðst búast við annríki. „Þó maður geti aldrei lofað neinu í þessum geira má reikna með mikilli vinnu, talsverðri eftirvinnu og jafnvel næturvöktum. Þetta er það sem við eigum von á.“

Án þess að fara út í alvarlega launaumræðu er Ísleifur spurður um tekjumöguleika skólafólks í Granda. Hann telur þá góða. Bæði sé um fastar bónusgreiðslur að ræða og yfirleitt sé mikil eftirvinna. Hann segir almennan vinnudag í fiskvinnslunni frá klukkan 7.55 til 16.10 en oftast sé unnið til 19. Þó byrji allir á dagvakt meðan þeir séu að læra en síðan sé ætlast til að unnið sé til sjö ef verkefnin kalli á það.

„Við gerum þær kröfur að starfsfólkið taki þátt í atinu með okkur og vinni almennt auglýstan vinnutíma,“ segir hann. „En ef fólk er bundið af einhverjum íþróttaæfingum höfum við reynt að leysa málið í samvinnu við það.“ *gun@frettabladid.is*

# Sektir hækkaðar verulega

***Samtök atvinnulífsins hafa gert alvarlegar athugasemdir við reglugerðir samgönguráðuneytis um hvíldartíma atvinnubílstjóra.***



Atvinnubílstjórum er gert erfitt fyrir að keyra lengri leiðir, til dæmis milli Reykjavíkur og Austurlands.

Atvinnubílstjórum er nánast gert ómögulegt að vinna starf sitt án þess að eiga á hættu að fá háar sektir. Þetta er mat Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka ferðaþjónustunnar, sem öll hafa gert alvarlegar athugasemdir við reglugerðir samgönguráðuneytisins um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

Telja samtökin að reglugerðirnar hafi mikil áhrif á starfsumhverfi ökumanna enda liggi hert viðurlög við brotum á þessum reglugerðum miðað við það sem áður gilti. Þá hafi sektir vegna einstakra brota hækkað um allt að 60% og getur hálftíma umframakstur kostað ökumenn 50 þúsund krónur.

Sérlega erfitt sé fyrir atvinnubílstjóra að fylgja ákvæðum reglugerðar um aksturstíma til og frá Austurlandi og á Vestjörðum þar sem fáir áningarstaðir séu að vetrarlagi. Ef bílstjórar nái ekki á áfangastaði sína innan tilsetts tíma eigi þeir á hættu að fá háar sektir auk þess sem þeir fái punkta í ökuferilsskrá sína.

Nánar á www.sa.is

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**BÓKASAFN KÓPAVOGS:**
- Sumarstarf við afgr. o.fl.

**FRAMKVÆMDA- OG TÆKNISVIÐ:**
- Deildarstjóri hönnunardeildar

**BÆJARSKIPULAG:**
- Landslagsarkitekt

**Félagsstarf aldraðra:**
- Gjábakki, matráður 80% sími 554 3400 kl. 10-11

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

Roðasalir, sambýli og dagþjálfun fyrir heilabilaða:
- Sjúkraliði 100% starf
- Sjúkraliðanemi í hlutast. með námi
- Starfsmaður til aðhlynningar

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Baðv/afgr. karla, helgarvinna
- Baðv/afgr. kvenna helgarvinna
- Baðv/afgr. kvenna 100%, vaktavinna

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Hjallaskóli:**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig
- Deildarstjóri eldra stigs
- Kennari í leikrænni tjáningu

**Hörðuvallaskóli:**
- Deildarstjóri á miðstig
- Umsjónarkennari í 1. bekk
- Umsjónarkennari í 6. bekk
- Umsjónarkennari í 7. bekk
- Sérkennari - hlutastarf

**Kársnesskóli:**
*Laus staða skólaárið 2007-2008:*
- Stærðfræðikennari á unglingastigi

**Kársnesskóli:**
- Gangavörður/ræstir 100%, nú þegar

**Lindaskóli:**
- Deildarstjóri eldra stigs

**Salaskóli:**
- Húsvörður 100%

**Smáraskóli:**
- Íslenskukennari í 8.-10. bekk
- Umsjónarkennarar í 1. og 3. bekk
- Umsjón og náttúruf./stærðfr. í 8.–10. bekk v/foreldraorlofs
- Umsjónarkennari í 7. bekk til áramóta v/ foreldraorlofs
- Heimilisfræðikennari 100%

**Vatnsendaskóli:**
*Lausar stöður skólaárið 2007-2008:*
- Aðstoðarskólastjóri
- Deildarstjóri, verkefni m.a. námsskrá, námsmat og sjálfsmat skólans
- Námsráðgjafi
- Bókasafnskennari
- Heimilisfræðikennari
- Íþróttakennari
- Smíðakennari
- Myndmenntakennari
- Tónmenntakennari
- Dönskukennari
- Íslenskukennari í unglingadeild
- Náttúrufræðikennari í unglingad. og teymisvinnu með 1. – 7. bekk
- Umsjónarkennari í 5. - 6. bekk
- Stuðningsfulltrúi 100%
- Starfsfólk í Dægradvöl 50 – 60%

**Laus störf í leikskólum Kópavogs næsta skólaár:**
- Deildarstjórar, leikskólakennarar, störf vegna sérkennslu og störf í mötuneytum. Nánari upplýsingar eru á *www.job.is*

*Í leikskólum Kópavogs fer fram metnaðarfullt starf og leitast er við að búa starfsfólki góð vinnuskilyrði og hlúa að góðum starfsanda.*

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



# Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki

**Orkuveita Reykjavíkur** er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.
Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Í rekstri fyrirtækisins er gert ráð fyrir að fylgt sé öllum kröfum skv. lögum og reglum og að sífellt sé unnið að endurbótum sem stuðla að auknu öryggi starfsmanna, samstarfsaðila og viðskiptavina fyrirtækisins.

**Fyrirtækið er:**
**Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum**
**Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum**
**Sækir fram af eldmóði**
**Traust og starfar í sátt við umhverfið**

## Umsjón með öryggismálum

Gæða-, umhverfis- og öryggissvið Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða starfsmann til að hafa umsjón með öryggismálum við framkvæmdir á Hellisheiði. Starfið heyrir undir staðarverkfræðing framkvæmda.

Hér er um að ræða stoðsvið, sem fæst við að tryggja og bæta áreiðanleika kerfa og ferla er lúta að gæðum og umhverfis- og öryggismálum Orkuveitunnar.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Skipulag og samræming öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismála við Hellisheiðarvirkjun.
- Eftirlit með öryggismálum verktaka, vinnusvæðum og búnaði.
- Samskipti við yfirvöld.
- Fræðsla og kynningar á sviði öryggismála.
- Vinna að öðrum tilfallandi verkefnum tengdum öryggismálum (s.s. gerð verklagsreglna og leiðbeininga, eyðublaða og annarra skjala).

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Starfsreynsla æskileg.
- Metnaður, áhugi, ákveðni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð enskukunnátta æskileg.
- Góð tölvukunnátta æskileg.

## Rafiðnaðarmenn óskast

Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða rafiðnaðarmenn til starfa í áhugaverð störf. Í boði er gott starfsumhverfi og góðir tekjumöguleikar.

Meginverkefni Framkvæmdadeildar eru viðbrögð við bilunum, ýmis endurnýjunarverk auk smærri nýlagnaverkefna í kerfum Orkuveitunnar.

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að fást við öll þau fjölbreyttu verkefni sem upp geta komið jafnt í ljósleiðarakerfinu sem og í öðrum kerfum Orkuveitunnar.

Hæfnikröfur:
- Sveinspróf í rafvirkjun.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Samviskusemi og metnaður.

## Verkefnisstjóri óskast

Meginhlutverk verkfræðideildar er verkefnastjórn í framkvæmdaverkum Orkuveitunnar ásamt hönnun á veitukerfum og mannvirkjum. Deildin veitir öðrum sviðum Orkuveitunnar tæknilega ráðgjöf, fylgist með tækninýjungum, stundar kerfisathuganir og sinnir ýmsum verkefnum á sviði útboða, hagkvæmni- og arðsemisathugana.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Verkefnastjórn í framkvæmdaverkum Orkuveitunnar á hönnunar- og framkvæmdastigi.
- Verkefnastjóri ber ábyrgð samskiptum við ráðgjafa, framkvæmdaaðila, sveitastjórnir og stjórnsýslu.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði.
- Haldgóð reynsla af verkefnastjórn æskilin.
- Góð tölvukunnátta – reynsla af hugbúnaði á sviði verkefnastjórnunar æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORV 37138 04/07

**550 5600**
**Hringdu ef blaðið berst ekki**

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Víðistaðaskóli skólaárið 2007-2008

Við í Víðistaðaskóla óskum eftir kennurum til liðs við okkur á næsta skólaári. Það verður enginn svikinn af því að koma í þann góða hóp starfsfólks og nemenda en í skólanum eru 460 nemendur í 1. - 10. bekk.

Þessar stöður eru lausar:
**Deildarstjóri sérdeildar**
Þar eru nemendur í 1.-7. bekk sem eiga við hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika.

Heimilisfræðikennsla
Náttúrufræðikennsla
Stærðfræðikennsla
Enskukennsla

Allar upplýsingar gefa skólastjóri, Siguður Björgvinsson í síma 595 5800 og 664 5890 og aðstoðarskólastjóri, Anna Kristín Jóhannesdóttir 664 5891. Umsóknarfrestur er til 2. maí nk. **Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

## KÓPAVOGSBÆR

### Lindaskóli
### Deildarstjóri

- **Staða deildarstjóra eldra stigs við Lindaskóla í Kópavogi er laus til umsóknar.** Leitað er eftir einstaklingi sem hefur reynslu af kennslu. Viðkomandi einstaklingur þarf að búa yfir góðum skipulagshæfileikum og vera góður í samskiptum.

*Lindaskóli er einsetinn skóli með 590 nemendur í 1. – 10. bekk.*
*Skólinn er vel búinn kennslutækjum og starfsaðstaða er mjög góð.*
*Við skólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem lögð er áhersla á góða kennslu og góða samvinnu skóla og heimila. Lindaskóli er umhverfisvænn skóli og tekur þátt í verkefninu skólar á grænni grein.*

Laun samkvæmt kjarasamningi KÍ og Kópavogsbæjar.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri Gunnsteinn Sigurðsson í síma 554-3900 eða 861-7100

Umsóknarfrestur er til 24. apríl 2007

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

## VINNUEFTIRLITIÐ

Vinnueftirlit ríkisins starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að fækkun slysa, atvinnutengdra sjúkdóma og góðri líðan starfsmanna á vinnustað.

### Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmann til starfa á Vesturlandi

**Helstu verkefni eru:**
- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit
- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í landbúnaði
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í tölvunotkun æskileg.

Um er að ræða 100 % starf með staðsetningu á Akranesi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Stillholti 18, 300 Akranesi fyrir **4. maí 2007** nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Guðjóni Sólmundssyni umdæmisstjóra, skrifstofu Vinnueftirlitsins á Akranesi, s. 431-2670 og 892-7593, (gsol@ver.is), Magnúsi Guðmundssyni deildarstjóra vinnuvéladeildar og Þórunni Sveinsdóttur deildarstjóra þróunar- og eftirlitsdeildar, s. 550 4600.



# Eykt óskar eftir starfsmönnum

**Eykt-Höfðatorg-Borgartúni**
Vegna aukinna verkefna við uppbyggingu Höfðatorgs viljum við bæta við okkur starfsmönnum í eftirfarandi störf:

- **Kranamaður**
- **Vélamaður**
- **Trésmiðir**
- **Trésmíðalærlingar**
- **Verkamenn**

**Helstu verkefni framundan:**
Uppsteypa á 19 hæða turnbyggingu.
Uppsteypa á innkeyrslurampa fyrir bílageymslu.
Innanhússfrágangur, almenn trésmíðavinna.

Framkvæmdir í Höfðatorgi munu standa yfir næstu 5 árin.
Leitað er eftir framtíðarstarfsmönnum auk undirverktaka til styttri tíma.
**Góð laun í boði fyrir rétta aðila.**

Umsóknum skal skilað á skrifstofu **Eyktar að Lynghálsi 4, 110 Reykjavík.**
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, **www.eykt.is.**

Nánari upplýsingar gefa verkstjórar:
**Baldvin Björnsson 822 4431** og **Sigurður Elínbergsson 822 4427.**

Vinsamlegast athugið að launakjör eru ekki rædd í síma.

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is

SJÓNARHÓLL

## Sjónarhóll - ráðgjafarmiðstöð

fyrir foreldra barna með sérþarfir auglýsir stöðu foreldraráðgjafa. Ráðgjafar Sjónarhóls gæta hagsmuna fjölskyldna barna með sérþarfir, aðstoða fjölskyldur við að finna úrræði og fá þjónustu og veita málum eftirfylgd.

Sjónarhóll er samstarfsverkefni ADHD samtakanna, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum. Hjá Sjónarhóli starfa framkvæmdastjóri, tveir ráðgjafar og móttökuritari. Stofnfélögin fjögur og Sjónarhóll eru öll til húsa að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík.

**Hæfniskröfur og menntun**

- Þjónustulund, virðing fyrir þeim sem leita til Sjónarhóls og jákvætt viðmót.
- Eldmóður og áhugi fyrir málefnum barna með sérþarfir.
- Reynsla af málefnum barna með sérþarfir.
- Reynsla af foreldrasamstarfi.
- Þekking á tiltækum stuðningsúrræðum og réttindum hinna ýmsu hópa sem leita til Sjónarhóls.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Háskólamenntun á sviði félagsráðgjafar eða sambærileg menntun.

Um er að ræða 70% starf. Nánari upplýsingar veitir Guðríður Hlíf Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls í síma 535-1900, netfang gudridur@sjonarholl.net

Umsóknum skal skilað á Sjónarhól - ráðgjafarmiðstöð, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík eða á netfangið gudridur@sjonarholl.net fyrir 24. apríl n.k.

# Rafport

## Óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður

### Sölumaður (rafvirki)

Starfið felur í sér sölu og ráðgjöf á raflagnaefni af öllu tagi, og er skilyrði að viðkomandi sé með reynslu af slíku.

### Lagermaður

Um er að ræða hefðbundin lagerstörf fyrir fyrirtækið,en það er staðsett á tveimur mismunandi stöðum nálægt hvor öðrum

*Rafport ehf var stofnað 1985 og er með aðstöðu á Nýbýlavegi 14 í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú 16 manns og erum við að leita að fleiru góðu fólki til að stefna að sameiginlegum markmiðum okkar í framtíðinni. Við erum ört vaxandi fyrirtæki og erum með skýr markmið, okkar sérsvið er þekking og sala á raflagnaefni og stýrikerfum sem tengjast ljósa- og hitastýringum, en þar erum við leiðandi fyrirtæki á íslenskum markaði, eins í rafmagnstöflum og búnaði þeim tengdum.*

Áhugasamir um fyrrgreind störf hafi samband við Jón Þór á netfang: jonthor@rafport.is eða í síma 897-7383.
Öllum umsóknum verður svarað.

GRINDAVÍK

## Grunnskólinn í Grindavík lausar kennarastöður

### Við leitum að áhugasömum kennurum til eftirfarandi starfa næsta skólaár.

- umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi
- myndmenntakennara í hlutastarf
- heimilisfræðikennara í hlutastarf
- dönskukennara í hlutastarf
- textílkennara í fullt starf
- sérkennara, deildarstjóra í sérkennslu í fullt starf
- tónmenntakennara hlutastarf

Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2700 íbúa í aðeins 45 km. fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Nemendur eru um 500 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið starfa af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu uppbyggingarstefnunnar - uppeldi til ábyggðar. Frekari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu hans http://skolinn.grindavik.is

Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í símum 420-1150, 660-7319 og 660-7320 netfang ginda@grindavik.is. Umsóknarfrestur er til 23. apríl.

**Skólastjóri**

# VEITINGAREKSTUR Á ÍSAFIRÐI



Nú gefst alveg einstakt tækifæri til að hefja veitingarekstur á Ísafirði. Höfum til leigu 100 sæta veitingasal ásamt fullbúnu eldhúsi í "Edinborgarhúsinu", einu þriggja menningarhúsa Ísafjarðarbæjar. Í húsinu eru tveir samliggjandi salir fyrir ráðstefnur, tónleika, leiksýningar o.þ.h., sá minni tekur 80 manns í sæti en sá stærri 180. Auk þess er í húsinu starfrækt upplýsingamiðstöð ferðamanna og listaskóli. Húsið verður tekið í notkun þann 1. júní næst komandi

Nánari uppl. gefur Hermann í síma 861 1442.

VESTFIRSKIR VERKTAKAR

Vestfirskir verktakar ehf
Skeiði 3, 400 Ísafjörður
Sími: 456 6600
Fax: 456 6601

# Rahmqvist

Rahmqvist-félagið er með starfsemi í 10 Evrópulöndum og Bandaríkjunum og hjá okkur vinna um 500 manns. Við helgum okkur þróun og sölu á einstökum framleiðsluvörum undir eigin vörumerkjum, sem sérsniðnar eru fyrir viðskiptavini. Vörulínan samanstendur af skrifstofu- og kennsluvörum, fylgihlutum fyrir tölvur, ergónómískar vörur og hreingerningarvörur. Við leggjum okkur fram um að bæta daglegt vinnuumhverfi fólks með því að bjóða einfaldar, hagnýtar og umhverfisvænar sérvörur í hæsta gæðaflokki beint til notandans.

## Við leitum að SÖLURÁÐGJAFA sem vill ná LANGT í starfi!

Rahmqvist-félagið eykur umsvif sín og sækir nú inn á íslenskan markað.

Við leitum því að manneskju sem vill ná langt í starfi. Reynsla af sölumennsku er nauðsynleg til að vera góður fyrirliði í Rahmqvist-félaginu. Við leggjum því áherslu á leiðtogaþjálfun þar sem byrjað er á sölu og endað sem kandídat fyrir leiðtogastöðu. Að lokinni þjálfun er möguleiki á að þú verðir ábyrg/ur fyrir íslenska markaðnum.



**Við bjóðum**
persónulega kennslu
persónulegan yfirmann
einstakar vörur sem hafa fengið góðar viðtökur á evrópskum markaði
launatryggingu + sölulaun
traust
framamöguleika í starfi

**Við væntum þess að þú:**
sért 25 ára eða eldri
sért vinnusöm/samur og vitir að það að leggja sig fram borgar sig
viljir vinna í hröðu og skemmtilegu umhverfi
sért opin(n), ung/ur í anda og eigir auðvelt með að koma á samböndum
vinnir markvisst og skipulega
hafir sjálfstraust
geti unnið sjálfstætt
viljir af heilum huga verða góður leiðtogi

Sendu umsókn, á dönsku eða ensku,
í síðasta lagi 23. apríl 2007 til:

Við erum mjög sveigjanlegir hvað varðar menntun og starfsreynslu, við höfum mestan áhuga á þér og hvernig persónuleiki þú ert.

Eric Rahmqvist A/S Vibeholms Allé 21, 2605 Bröndby
Netfang: ansoger@rahmqvist.com • www.rahmqvist.com
Upplýsingar hjá Tryggva Líndal í síma 8697702

# TT Anlegg

## Hefur þú áhuga að vinna í Noregi ?

TT Anlegg AS er stærsta verktakafyrirtæki í suður Noregi og eitt stærsta sinnar tegundar í malar- og grjótnámi í suður hluta Noregs.

Við höfum starfað síðan 1960, höfum mikla reynslu og sterka markaðsstöðu á okkar sviðum.
Hjá fyrirtækinu starfa um 160 manns og vélaflotinn samanstendur af 150 nýlegum vinnuvélum af ýmsum gerðum.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar í Marnardal, Mandal, við Kristiansand í suður Noregi en einnig höfum við aðsetur á vinnusvæðum tengd verkefnum fyrirtækisins.

### Óskum eftir starsmönnum á eftirfarandi vinnuvélar:

- Gröfur
- Jarðýtur
- Búkollur

Við óskum eftir reymslumiklum strafsmönnum með meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi. Skylirði að umsækjendur séu áhugasamir, áreiðanlegir og geti unnið sjálfstætt.

### Nánari upplýsingar!!

Jón Þór Jónsson
S.0047-97055722
E-mail:*jon.thor.jonsson@ttas.no*

Sjá einnig www.ttas.no

***Umsóknir sendist á íslensku, norsku eða ensku til:***

TT Anlegg AS
v/Jon Thor Jonsson
Bue
4534 Marnardal
Norway

### Við getum boðið:

- Vinnu undir stjórn íslensks yfirmanns.
- Nýlegar vinnuvélar og háþróuð tæki(GPS)
- Góð laun og góða möguleikar
- Mjög gott stafsumhverfi
- Aðstoð við útvegun húsnæðis og viðrkenningu strarfsréttinda í Noregi

MEF · GODKJENT FOR ANSVARSRETT




**Umsóknarfrestur til 04.05.07**



PÓSTURINN
allur pakkinn

## Bílstjórar með meirapróf, - sumarstörf

Útkeyrsludeild Íslandspósts óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vaktavinnu í sumar.

Hæfniskröfur:
- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Gott væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Útkeyrsludeild Póstmiðstöð
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Sumarstarf, bílstjóri með meirapróf

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

## DEILDARSTJÓRI

Vegna aukinna umsvifa leitum við að hæfileikaríkum einstaklingi í starf deildarstjóra gólfefnadeildar hjá EGG. Starfsmaðurinn þarf að hafa brennandi áhuga og getu til að taka þátt í uppbyggingu deildarinnar eftir gagngerar breytingar.

**Starfssvið:**

Sala og ráðgjöf til einstaklinga og verktaka.

Pantanir frá vöruhúsi og birgjum.

**Hæfniskröfur:**

Reynsla úr sambærilegu starfi æskileg.

Þekking á gólfefnum er kostur.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga og metnað til að ná árangri í starfi, vera heiðarlegur og stundvís ásamt því að hafa góða framkomu og færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir berist fyrir 25. apríl til Elínar Björnsdóttur verslunarstjóra, **elinb@egg.is.**

EGG
SMÁRATORGI



Kristján telur að unga fólkið og það gamla eigi ágæta samleið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lifir lífinu til fullnustu

***Kristján Sigurðsson vinnur á frístundaheimilinu Brosbæ við Engjaskóla. Hann er áttatíu ára gamall og hefur unnið með börnum og unglingum í tugi ára.***

Börnin á frístundaheimilinu Brosbæ eru á aldrinum sex til átta ára og Kristján hefur umsjón með elstu börnunum. „Ég hef í rauninni aldrei verið í barnapössun eins og núna heldur yfirleitt verið að vinna með unglinga og eldri börn, en mér líkar þetta starf mjög vel,“ segir hann.

Kristján segist hafa fengið áhuga á málefnum ungs fólks í kringum 1950 þegar hann var að vinna í rannsóknarlögreglunni. „Í lögreglunni sá ég um unglingamál og áttaði mig fljótt á að ég hafði meiri áhuga á því að hjálpa unglingum en að koma þeim í tugthúsið. Síðan þá hefur lífið snúist um þessi mál og ég hef gert ýmislegt, meðal annars kennt í nokkrum skólum og verið forstöðumaður unglingaheimilis ríkisins.“

Þó að Kristján sé orðinn áttræður segist hann telja sig fyllilega færan um að ala upp börn. „Ég tel ekki að ég sé hérna sem gamall maður sem situr á bekk og les blöð heldur er ég bara í uppeldinu eins og aðrir. Ég tel mig líka hafa þokkalega menntun í því að ala upp börn og á meira að segja átta börn sjálfur. Auðvitað eru áherslur í uppeldismálum aðrar en þegar ég var að alast upp en ætli sé ekki bara gott að hafa reynslu sem byggir á dálítið breiðum grunni.“

Kristján er mjög ánægður með að vera ennþá úti á vinnumarkaðinum. „Ég er alveg á því að gamla fólkið eigi ekki að vera eins mikið til hliðar og það hefur verið því það er ýmislegt sem það getur gert. Ég lít svo á að ég lifi til þess að lifa þangað til ég drepst, en ekki bara til þess að bíða eftir dauðanum. Þetta starf er ágætur þáttur í því að lifa lífinu þó að ég geri ýmislegt fleira og hafi til dæmis mjög gaman af því að byggja. Ég get vel hugsað mér að vera hérna eitthvað áfram ef fólkið telur að ég geri eitthvert gagn,“ segir hann og hlær.

*emilia@frettabladid.is*



Upplýsingamiðlun innan stofnana þykir betri en áður.

# Viðhorf ríkisstarfsmanna

***Litlar breytingar hafa orðið á viðhorfi ríkisstarfsmanna til starfsumhverfis á síðustu árum.***

Viðhorf ríkisstarfsmanna til margra þátta í starfsumhverfinu hafa lítið breyst síðastliðin níu ár samkvæmt nýrri skýrslu fjármálaráðuneytisins um starfsumhverfi ríkisstarfsmanna.

Það á til dæmis við um afstöðu starfsmanna til stjórnunar, ráðninga, vinnuaðstöðu, vinnuálags, streitu og jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Þá mælist starfsánægja, starfsandi og hollusta svipuð.

Svipuð könnun fór fram árið 1998 og voru niðurstöðurnar mjög svipaðar utan þess að á tilteknum stjórnunarsviðum mátti greina jákvæðari afstöðu starfsmanna til dæmis til upplýsingamiðlunar innan stofnana. Þó er afar misjafnt eftir stofnunum hver afstaða starfsmanna er til stjórnunar og starfsumhverfis.

www.asi.is